

REGLUGERÐ

um skemmtanaskatt í Haganeshreppi í Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 21. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Haganeshreppi, og aðgangur er seldur að, og eigi eru með lögum undanþegnar skatti.

2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

I. flokkur:

- a. Fyrirlestrar og upplestrar.
- b. Söngur.
- c. Sjónleikir.
- d. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhuganenn taka þátt í.

II. flokkur:

- a. Dansleikir.
- b. Hljómleikar.
- c. Loddara- og fjölleikasýningar.
- d. Allar aðrar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki er taldar hér sérstaklega.

3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem undir fyrsta flokk heyra, skal greiða 10% af aðgöngueyri, og af þeim, sem taldar eru í II. flokki 20%. Ef skemmtun er margþætt, skal miða skattinn við þann þátt hennar, sem hæst er skattlagður.

4. gr.

Undanþágu frá skattgreiðslu getur hreppsnefnd veitt, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða fræðslu, eða til styrktar menningar- og framfaramálum hreppsins.

5. gr.

Hreppsnefnd Haganeshrepps hefur eftirlit með að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins og hefur eftirlit með skemmtunum. Hún getur ráðið sérstakan mann til að annast þetta starf fyrir sína hönd, og nefnist hann eftirlitsmaður skemmtana.

6. gr.

Hver sá, sem halda vill skemmtun, skal tilkynna það oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær hún skuli haldin, og afhenda honum til stimplunar í tæka tíð alla þá aðgöngumiða, er nota á við skemmtunina. Eigi síðar en 2 dögum eftir að samkomu er lokið, skal sá, er fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skatt, samkv. 3. gr. þessarar reglugerðar, af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið.

7. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

8. gr.

Skatttekjur samkv. reglugerð þessari renna í sveitarsjóð, en halda skal fénu aðskyldu frá öðrum tekjum hreppsins, og verja til hvers konar menningar og framfaramála í Haganeshreppi, eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar á hverjum tíma.

9. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að 1000 krónum. Mál út af brotum á reglugerð þessari sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Menntamálaráðuneytið, 1. marz 1957.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Jóhannes Eliasson.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu í Gerðahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Gerðahrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveita hreppsins nær yfir og hún getur fullnægt og einnig til bryggjunnar í Gerðum.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf er vatnsveituna varða, annast vatnsveitunefnd í samráði við hreppsnefnd. Vatnsveitunefnd annast um viðhald vatnsveitunnar, endurbætur og umsjón alla.

Hreppsnefnd er heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hefur eftirlit með veitukerfinu og annast önnur störf í þágu vatnsveitunnar, er henta þykir.

3. gr.

Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar, nema með leyfi vatnsveitunefndar. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða úr götulögnum í hús sín og annast viðhald þeirra. Skylt er hverjum húseiganda að láta tafarlaust gera við vatnsæðar sínar, ef leki kemur að þeim. Enginn má eyða vatni að óþörfu. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með leyfi vatnsveitunefndar.

4. gr.

Umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem eru sett í samband við þær. Ef honum þykir útbúnaði að einhverju ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella geri umsjónarmaður það á hans kostnað.

Heimilt er vatnsveitunefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki tengigjald eða vatnsskatt á réttum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað af þessum sökum.